



HÉRAÐSSKJALASAFNIÐ
Á AKUREYRI

ÁRSSKÝRSLA 2014

- AKUREYRI -
- 2015 -

© Héraðsskjalasafnið á Akureyri 2015
Ritstjórn og umbrot: Aðalbjörg Sigmarsdóttir
Prófaralestur: Lára Ágústa Ólafsdóttir
Vefútgáfa: <http://www.herak.is/>

INNGANGUR

Ný lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 voru samþykkt á Alþingi s.l. vor. Héraðsskjalasafnið á Akureyri ásamt öðrum opinberum skjalasöfnum fellur undir þessi lög. Markmið þeirra er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Nýju löggin stuðla að því að þessi markmið náist m.a með auknu eftirliti og vandvirkni í skjalavörslu sveitarfélaganna sem og annarra opinberra aðila.

Í hinum nýju lögum segir að héraðsskjalasöfn séu sjálfstæð opinber skjalasöfn með eftirlitsskyldu gagnvart þeim aðilum sem þangað eru skilaskyldir en í fyrri lögum var sjálfstæði þeirra grundvallað á reglugerð og eftirlitshlutverkið framselt af Þjóðskjalasafni Íslands.

Nýmæli er í þessum lögum að sett eru inn refsíákvæði vegna brota á þeim, svo sem ef skjalavarsla opinberra aðila eða forstöðumanna stofnana er ekki í lagi. Gildistaka laganna og væntanleg reglugerð á grundvelli þeirra mun hafa margvísleg áhrif á starfsemi héraðsskjalasafna og skilaskyldra aðila innan sveitarfélaganna. Með auknum kröfum og skyldum þarf án efa að bæta við mannskap til að sinna skjalavörslunni bæði hjá sveitarfélögunum og einnig hjá héraðsskjalasöfnum.

STARFSEMI

Hefðbundin starfsemi Héraðsskjalasafnsins á Akureyri fólst að venju í afgreiðslu fyrirspurna, skjalaskráningu og því að veita aðgang að skjölum á lestrarsal, auk ráðgjafar og samskipta við skilaskylda aðila.

Á safnið komu 702 gestir árið 2014 og fjölgaði þeim um 9,3% frá fyrra ári. Karlar voru 559 og fjölgaði um 6,5% en konur voru 143 og fjölgaði um 22,2%. Talsverð aukning varð einnig í notkun skjala á lestrarsal, alls voru lánuð 2.386 skjalanúmer en 2.174 árið áður, aukningin nam 9,8%.

Mikil eftirspurn er eftir upplýsingum úr skjölum safnsins og segir gestafjöldi alls ekki til um hversu margar fyrirspurnir og beiðnir um upplýsingar berast. Þær berast með ýmsum öðrum hætti, fyrirspyrjendur hringja, senda tölvupóst eða hafa samband í gegnum vefsíðu safnsins. Skjalaskrár yfir safnefni voru gerðar aðgengilegar á vefsíðunni og finnast við leit á veraldarvefnum. Við það jókst upplýsingaþjónusta og notkun safnefnis umtalsvert. Skjalaafhendingar til safnsins voru 83 árið 2014 og fækkaði verulega milli ára þar sem þær voru 105 árið áður, fækkunin nam 21%. Þessar 83 afhendingar reyndust vera um 25,5 hillumetrar.

VERKEFNI - SÝNINGAR

Á árinu tók héraðsskjalavörður þátt í nefnd til undirbúnings á samskrá yfir einkaskjalasöfn í skjalasöfnum landsins. Skráin er hugsuð fyrir almenning og opin öllum á netinu frá fyrstu mánuðum ársins 2015. Í skránni verða upplýsingar um viðkomandi skjalamyndara, starfssvæði hans, í hvaða safni skjölin liggja og yfir hvaða tímabil þau ná og í sumum tilfellum ennþá nánari upplýsingar svo sem hvaða skjöl þetta eru og hversu mikil þau eru að umfangi.

Stýrihópur um eftirlit héraðsskjalasafna með afhendingarskyldum aðilum var settur á fót í maí 2014 og tók Lára Ágústa Ólafsdóttir skjalavörður þátt í honum ásamt starfsmönnum frá Borgarskjalasafni og héraðsskjalasöfnunum í Kópavogi, Selfossi og Egilsstöðum.

Norræni skjaladagurinn sem haldinn er árlega var að þessu sinni helgaður vesturförum. Sett var upp sýning á skjölum úr safninu en þar er varðveitt mikið magn heimilda sem snerta Vestur-Íslendinga. Má þar nefna sendibréf, dagbækur, ljósmyndir og endurminningar fjölmargra einstaklinga sem tóku sig upp og fluttu til fjarlægs lands. Einnig er þar að finna heimildir um ástæður flutninganna, uppboð og úttektir, kirkjubækur, manntöl og fleiri opinberar heimildir sem snerta brottför fólksins. Innslög um sama efni birtust á vefsíðunni skjaladagur.is sem er sameiginleg vefsíða Þjóðskjalasafns Íslands og héraðsskjalasafnanna.

FUNDIR - RÁÐSTEFNUR

Skjalaverðir tóku þátt í málþingi fyrir starfsfólk héraðsskjalasafna um skjalavörslu sveitarfélaga sem Félag héraðsskjalavarða hélt á alþjóðlega skjaladeginum 9. júní. Málþingið var haldið í Fjölheimum á Selfossi og sent út í fjarfundarbúnaði.

Annað málþing hélt Félag héraðsskjalavarða 3. desember og þá um skjalavörslu leikskóla. Átján héraðsskjalaverðir tengdust saman gegnum fjarfundabúnað á fimmtán stöðum hringinn í kring um landið og voru ríflega 70 manns á fræðslufundinum sem einnig var sendur út frá Selfossi.

Árleg ráðstefna Félags héraðsskjalavarða á Íslandi var að þessu sinni haldin í Eldheimum í Vestmannaeyjum 25. – 26. september og hana sóttu skjalaverðir safnsins. Meginþema ráðstefnunnar var ný lagasetning nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og áhrif þeirra laga á starfsemi héraðsskjalasafnanna. Fjallað var þar um aðdraganda og tilurð laganna, áhrif þeirra á starfssvið héraðsskjalasafnanna og á eftirlitshlutverk og leiðbeiningarskyldu þeirra. Einnig var fjallað um stefnumótun og hvernig héraðsskjalasöfnin muni starfa í framtíðinni, staða þeirra metin og aðkallandi verkefni reifuð.

Starfsemi Félags héraðsskjalavarða var rædd og einnig efni á heimasíðu þess heraðsskjalasafn.is, en aðalfundur félagsins var síðan haldinn að kvöldi 25. september. Stjórn félagsins skipuðu þá: Birna Mjöll Sigurðardóttir, Mosfellsbæ, Gerður Jóhanna Jóhannsdóttir, Akranesi, Hrafn Sveinbjarnarson, Kópavogi, Svanhildur Bogadóttir, Reykjavík, Þorsteinn Tryggvi Másson, Selfossi og Snorri Guðjón Sigurðsson, Húsavík, sem tók sæti Aðalbjargar Sigmarsdóttur, Akureyri.

Vestnorrænir skjaladagar eru haldnir þriðja hvert ár, þar koma saman skjalaverðir frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi og færast þessi ráðstefna milli landanna. Að þessu sinni var komið saman í Nuuk á Grænlandi og sótti héraðsskjalavörður ráðstefnuna, en alls voru 22 fulltrúar frá Íslandi. Meginþemu ráðstefnunnar voru: Hlutverk skjalasafns í nútímasamfélagi, saga stjórnsýslunnar og rannsóknarvinna á skjalasöfnum, öryggismál í skjalasöfnum, skjalavarsla og skjalamyndun hjá opinberum aðilum. Ráðstefnan var vel skipulögð, dagskráin metnaðarfull og gestrisni Grænlandinga með afbrigðum góð.

-- 000 --

Myndin hér til hægri er tekin um 1906, hún var í eigu Páls Helgasonar frá Þórustöðum og var afhent safninu árið 2014.

F.v. Pétur Ólafsson, Björn Arnórsson og Gústav Grönvold, félagar í Glimufélaginu Mjölni á Akureyri.

Í blaðinu Norðurland 21. apríl 1906 er eftirfarandi frétt:

„30 drengir sýndu glímur sínar hér á leiksviðinu, síðasta þriðjudag. Voru þeir í tveim flokkum og var annar af Akureyri en hinn af Oddeyri. Húsfyllir var í salnum. Akureyrarflokkurinn nefnist Mjólnir en Oddeyrarfélagið heitir Sveinninn. Drengirnir voru flestir nálægt fermingaráldri, en þó sumir miklu yngri. Mjólnir vann.

Auðsjáanlega var þar efni í marga góða glímumenn. Af drengjum sem glímdu vel mætti einkum nefna þessa: Arngrim Ólafsson, Björn Arnórsson, Árna Jónsson og Jón Jósefsson.“



SKJÖL AFHENT

HÉRAÐSSKJALASAFNINU Á AKUREYRI 2014

Fremst í skránni sem hér fer á eftir er afhendingarnúmer, þá fylgir heiti skjalamyndara, eða uppruni skjalanna og árábil sem þau ná yfir, því næst hver afhenti og hversu margir hillumetrar voru afhentir. Fullunnar skjalaskrár eru aðgengilegar á lestrarsal skjalasafnsins og á vefsíðunni <http://www.herak.is>.

- 2014/1 Búgarður - Búnaðarsamband Eyjafjarðar - Ræktunarfélag Norðurlands 1921-1999.
Bjarni Guðleifsson, Möðruvöllum afhenti 0,85 hm.
- 2014/2 Jón S. Sveinbjörnsson/Lovísa Pétursdóttir, Akureyri 1906-1971.
Guðrún, Lovísa og Sólveig Erlendsdætur afhentu 0,4 hm.
- 2014/3 Akureyrarbær 2013.
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,03 hm.
- 2014/4 Gunnar Sólnes, Akureyri 1928-1950.
Gunnar Sólnes, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/5 Náttúruverndarnefnd Eyjafjarðar 2001-2005.
Bjarni Guðleifsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/6 Félagsheimilið Melar í Hörgárdal 1939-1982.
Guðmundur Sigvaldason, Hörgársveit afhenti 0,03 hm.
- 2014/7 Menningarráð Eyþings 2007-2010.
Ragnheiður J. Ingimarsdóttir menningarfr. afhenti 1,02 hm.
- 2014/8 Akureyrarbær 1969-1982.
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,64 hm.
- 2014/9 Ungmennafélagið Dagsbrún, Glæsibæjarhreppi 1979-1990.
Jón Sigfússon, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/10 Húsnefnd Hlíðarbæjar, Glæsibæjarhreppi 1974-1994.
Jón Sigfússon, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/11 Söngsveit Hlíðarbæjar 1975-1988.
Jón Sigfússon, Akureyri afhenti 0,04 hm.
- 2014/12 Áfengisvarnefnd Akureyrar 1948-1991.
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,03 hm.
- 2014/13 Starfsmannafélag Akureyrarbæjar 1977-2003.
Arna Jakobína Björnsdóttir formaður Kjalar afhenti 2,8 hm.
- 2014/14 Kjölur, stéttarfélag í almannabjónustu 2004-2009.
Arna Jakobína Björnsdóttir formaður Kjalar afhenti 0,15 hm.
- 2014/15 Eyjafjarðarsveit 1938-2004.
Ester Stefánsdóttir, Akureyri afhenti 0,17 hm.
- 2014/16 Húsfélagið Hjallalundi 18-22, Akureyri 1988-1993.
Jón Hjaltason, Akureyri afhenti 0,03 hm.

- 2014/17 Kristján Eldjárn Vigfússon, Litla-Árskógi 1942-2012.
Reynir Gísli Hjaltason, Árskógssandi afhenti 1,3 hm.
- 2014/18 Ólína Sigurðardóttir, Árgerði og Akureyri 1866-1980.
Haraldur Þór Egilsson, Minjasafninu á Ak. afhenti 0,08 hm.
- 2014/19 Heilsugæslustöðin á Akureyri 1985-2002.
Ingibjörg S. Ingimundardóttir, Akureyri afhenti 0,16 hm.
- 2014/20 Ungmennafélag Möðruvallsóknar 1939-1990.
Þorsteinn Marinósson frkv.stjóri UMSE afhenti 0,18 hm.
- 2014/21 Leikfangagerð Akureyrar 1932-1937.
Jón Hjaltason afhenti fyrir Birki Skarphéðinsson 0,05 hm.
- 2014/22 Freyja Jóhannsdóttir, Akureyri 1947-2007.
Brynjar Gylfason, Akureyri afhenti 0,48 hm.
- 2014/23 Stella Stefánsdóttir, Akureyri 1878-2001.
Hörður Geirsson, Minjasafniun á Ak. afhenti 0,03 hm.
- 2014/24 Zontaklúbbur Akureyrar 1929-2010.
Ingunn Helga Bjarnadóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/25 Friðþjófur Helgason, Reykjavík 1960-1989.
Hörður Geirsson, Minjasafninu á Akureyri afhenti 0,1 hm.
- 2014/26 Bjarni Guðleifsson, Möðruvöllum 1998-2012.
Bjarni Guðleifsson, Möðruvöllum afhenti 1,1 hm.
- 2014/27 Akureyrarbær 1980-2003.
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 2 hm.
- 2014/28 Framsóknarfélag Hrafnagilshrepps 1950-2002.
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,08 hm.
- 2014/29 Lestrarfélagið Mímir 1976-1990.
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,05 hm.
- 2014/30 Sóknarnefnd Saurbæjarsóknar í Eyjafjarðarsveit 1908-2012.
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,16 hm.
- 2014/31 Öldrunarheimili Akureyrar 2013.
Helga Erlingsdóttir, Akureyri afhenti 1,44 hm.
- 2014/32 Bjarni Halldórsson, Akureyri óársett.
Lóa Aðalbjörg Bjarnadóttir, Hafnarfirði afhenti 0,03 hm.
- 2014/33 Rafveita Akureyrar 1935-1998.
Franz Árnason, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/34 Þórgnýr Þórhallsson, Akureyri óársett.
Þórgnýr Þórhallsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/35 Rótarýklúbbur Akureyrar 1980-2012.
Þórgnýr Þórhallsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/36 Steingrímur Pálmi Sigursteinsson, Akureyri 1932-1940.
Bernharð Haraldsson, Akureyri afhenti 0,04 hm.
- 2014/37 Prentverk Odds Björnssonar, Akureyri 1962.
Ríkarður Bergstað Jónasson, Akureyri afhenti 0,03 hm.

- 2014/38 Anton Sigurðsson, Akureyri 1927.
Anton Valdimarsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/39 Vélstjórafélag Akureyrar/Bjarni Gestsson, Akureyri 1919-1968.
Stefán Sigurðsson, Akureyri afhenti 0,33 hm.
- 2014/40 Skátafélög á Akureyri 1943-1974.
Guðný Stefánsdóttir, Gunnar Helgason og Björn Sverrisson,
Akureyri afhentu 0,13 hm.
- 2014/41 Fjáreigendafélag Akureyrar 1953-1981.
Ragnheiður Sigurðardóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/42 Akureyrarbær 2014.
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,16 hm.
- 2014/43 Skátafélög á Akureyri 1961-1981.
Gunnar Jónsson, Akureyri afhenti 0,57 hm.
- 2014/44 Lundarskóli, Akureyri 1974-2004.
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti fyrir Elías G.
Þorbjörnsson, skólastjóra 0,92 hm.
- 2014/45 Söngsveit Hlíðarbæjar óársett.
Jón Sigfússon, Akureyri afhenti 0,05 hm.
- 2014/46 Mánakórinn, Möðruvallasókn 1992-1997.
Jón Sigfússon, Akureyri afhenti 0,06 hm.
- 2014/47 Ólöf V. Jónasdóttir /Torfi Vilhjálmsson, Akureyri 1929-2011.
Pétur Torfason, Akureyri afhenti 0,9 hm.
- 2014/48 Zontaklúbbur Akureyrar 1963-2014.
Haraldur Þór Egilsson, Minjasafninu á Ak. afhenti 1,1 hm.
- 2014/49 Amtsbókasafnið á Akureyri 2004-2007.
Guðrún Kristín Jónsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/50 Skúli Flosason, Akureyri óársett.
Skúli Flosason, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/51 Meistarafélag byggingarmanna á Norðurlandi 1991-1997.
Stefán Jónsson, Akureyri afhenti 0,04 hm.
- 2014/52 Þorvaldur Snæbjörnsson/Guðrún Kristjánsdóttir, Akureyri 1937-
1969.
Gunnar Grétar Sverrisson, Akureyri afhenti 0,09 hm.
- 2014/53 Hrafnagilshreppur 1870-1910.
Bjarni Aðalsteinsson, Akureyri afhenti 0,1 hm.
- 2014/54 Margrét Sigurðardóttir, Magnús Sigurðsson, Ragnar Davíðsson,
Grund 1773-1966.
Bjarni Aðalsteinsson, Akureyri afhenti 0,15 hm.
- 2014/55 Jónas Friðmundsson frá Staðarholti 1920-1944.
Kristín Alfreðsdóttir, Akureyri afhenti 0,15 hm.
- 2014/56 Jónas Rafnar, Kristnesi og Akureyri óársett.
Björg Rafnar, Kópavogi afhenti 0,03 hm.

- 2014/57 Sigtryggur Þorbjörnsson, Akureyri og Reykjavík 1957-1986.
Ingibjörg Sigtryggsdóttir, Reykjavík afhenti 0,06 hm.
- 2014/58 Menntasmiðjan á Akureyri 1994-2003.
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,35 hm.
- 2014/59 Heilsugæslustöðin á Akureyri 1994-2004.
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,11 hm.
- 2014/60 Heilbrigðiseftirlit Norðurlands-eystra 1972-1998.
Alfred Schiöth, Akureyri afhenti 2,5 hm.
- 2014/61 Sjúkrahús á Akureyri 1946-1947.
Magnús Stefánsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/62 Halldór Stefánsson, Akureyri 1895-1949.
Magnús Stefánsson, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/63 Freysteinn Sigurðsson, Akureyri 1908-1966.
Jón Björnsson, Kópavogi afhenti fyrir Pétur Breiðfjörð
Freysteinnsson, Akureyri 0,03 hm.
- 2014/64 Jón Jónsson, Gilsbakka og Möðrufelli 1933.
Arngrímur Ísberg, Kópavogi afhenti 0,03 hm.
- 2014/65 Páll Helgason frá Þorustöðum 1908-1922.
Hólmfríður Andersdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/66 Þórgnýr Þórhallsson, Akureyri 1943-2010 .
Þórgnýr Þórhallsson, Akureyri afhenti 0,23 hm.
- 2014/67 Jón Melstað/Albína Pétursdóttir, Hallgilsstöðum, Hörg. 1958.
Ellen Þorvaldsdóttir Amtsbókasafni afhenti 0,03.
- 2014/68 Ferðafélagið Hörgur 1981-2014.
Bjarni Guðleifsson, Möðruvöllum afhenti 0,27 hm.
- 2014/69 Margrét Valborg Hallgrímsdóttir, Akureyri 1917-1928.
Hörður Geirsson Minjasafninu á Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/70 Ragnheiður O. Björnsson, Akureyri 1955-1965.
Hörður Geirsson Minjasafninu á Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/71 Jón G. Sólnes, Akureyri 1978-1983.
Hörður Geirsson Minjasafninu á Akureyri afhenti 0,35 hm.
- 2014/72 Barnaskólinn í Öxnadalshéraði 1910-1918.
Sólborg Una Pálsdóttir héraðsskjalavörður Skagfirðinga
afhenti 0,03 hm.
- 2014/73 Akureyrarbær/framkvæmdadeild 1972-2000.
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,9 hm.
- 2014/74 Slysavarnadeildin Keðjan Öngulsstaðahreppi 1950-1985.
Brynja Hlíf Þorsteinsdóttir, Akureyri afhenti 0,06 hm.
- 2014/75 Akureyrarbær/búsetudeild 1988-2012.
Elín Dögg Guðjónsdóttir skjalastjóri afhenti 0,58 hm.
- 2014/76 Jafnréttishreyfingin á Akureyri 1984.
Lára Ellingsen, Akureyri afhenti 0,03 hm.

- 2014/77 Kvennaframboðið á Akureyri 1981-1986.
Lára Ellingsen, Akureyri afhenti 0,18 hm.
- 2014/78 Kvinnalistinn á Norðurlandi eystra 1981-2000.
Lára Ellingsen, Akureyri afhenti 0,06 hm.
- 2014/79 Lára Ellingsen, Akureyri 1984.
Lára Ellingsen, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/80 Brjálln Guðjónsson, Akureyri 1961-1972.
Snjólaug Brjánsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/81 Lundarskóli, Akureyri 1995-2005.
Anna María Snorradóttir afhenti 0,65 hm.
- 2014/82 Arnfinnur Arnfinnsson, Akureyri óársett.
María Arnfinnsdóttir, Akureyri afhenti 0,03 hm.
- 2014/83 Jón Hjaltason, Akureyri 1979-2011.
Jón Hjaltason, Akureyri afhenti 0,12 hm.

--- 000 ---



Myndin hér að ofan er úr matvöruverslun KEA í Grænumýri 9 á Akureyri. Búðin var opnuð árið 1954 en 1960 var henni breytt í kjörbúð og rekin þannig til 1981. Myndin, ásamt fleiri myndum úr verslunum KEA, er úr eigu Brjáns Guðjónssonar yfirmanns matvöruverslana KEA og voru þær afhentar safninu árið 2014.

Rekstrarreikningur
Héraðsskjalasafnsins á Akureyri
2014

40	Tekjur - Framlag ríkis	665.352cr
40	Tekjur - Sveitarfélög utan Akureyrar	4.761.412cr
40	Aðrar tekjur (án vsk)	43.408cr
51	Launakostnaður/starfsmannakostnaður	14.569.466.-
52	Vörukaup, rafmagn og hiti	1.763.573.-
54	Húsaleiga/lausafjárleiga Fasteignafélags Ak.	23.896.239.-
54	Önnur þjónustukaup/ræsting	1.578.937.-
	Samtals:	<u>36.338.043.-</u>

